

Mál nr. 93/2018

M og
V v/ málskostnaðartryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna reksturs dómsmáls til endurheimtu fjárnámskröfu á bifreið.

Gögn.

Málskot, móttakið 15.3.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 5.4.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 13. janúar 2017 keypti M bifreiðina A af seljandanum B. Sama dag var gert fjárnám í A til tryggingar nánar tiltekinni skuld B að höfuðstól 460.040 krónur auk vaxta og kostnaðar. Fjárnáminu var þinglýst á A 23. sama mánaðar. B fékkst ekki til að greiða skuldina og er nauðungaruppboð á B voðði yfir sá M sér ekki annað fært en greiða kröfuna 7. nóvember 2017 er uppboð á A skyldi fara fram.

M hyggst höfða dómsmál á hendur B til endurheimtu kröfunnar og hefur krafist bóta úr málskostnaðartryggingu sem er einn vátryggingarþáttur fjölskyldutryggingar sem hann hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt vátryggingarskilmálum málskostnaðartryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar bætir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Í skilmálunum eru ýmis tilvik undanþegin bótaskyldu, þ. á m. málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis, hjólhýsis, fellihýsis eða annarra tengivagna, loftfars, skips, gufubáts, vélbáts eða seglskútu þ.m.t. fjárskuldbindingar sem tengjast framantöldu.

Dómsmál það sem M hyggst höfða á hendur B er komið til vegna fjárnámskröfu sem hvíldi á A og M sem eigandi bifreiðarinnar sá sig knúinn til að leysa til sín. Stofnaðist þannig til kröfu M á hendur B vegna eignarhalds hans á A. Kostnaður M vegna málarekstursins varðar því M sem eiganda vélknúins farartækis. Með vísan til fyrrgreinds undanþáguákvæðis telst M því ekki eiga rétt til greiðslu úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V vegna hins fyrirhugaða málareksturs á hendur B.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 24. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður

Jón Magnússon lögmaður